

Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu

Dalabyggð óskar eftir að ráða starfsmann í félagslega heimaþjónustu sem fyrst, eða frá og með 1. nóvember næstkomandi. Um er að ræða starf sem snýr að almennum heimilisþrifum samkvæmt þjónustusamningi sem gerður hefur verið við notendur á heimilum þeirra.

Mikilvægt er að viðkomandi starfsmaður hafi áhuga og ánægju af mannlegum samskiptum. Æskilegt væri að viðkomandi hafi reynslu af því að starfa með fólki. Hæfniskröfur eru lipurð í mannlegum samskiptum, vandvirkni og sjálfstæði í starfi, bílpróf, íslenskukunnátta og hreint sakarvottorð.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu. Um er að ræða u.þ.b. 20% starf fyrir þjónustuþega í Búðardal og nágrenni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Pálsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu í síma 849 2725 eða í tölvupósti á netfangið heima.tjonusta@gmail.com

Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar á umsóknarblöðum sem þar fást. Eyðublöð eru einnig aðgengileg á vef Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 27. október næstkomandi.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar í Sælingsdalslaug frá 1. september eru

þriðjudagar eldri borgarar kl. 15:30 - 17:00

þriðjudagar kl. 17:00 - 19:00

miðvikudagar kl. 17:00 - 22:00

fimmtudagar kl. 15:00 - 18:00

laugardagar kl. 14:00 - 18:00

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum er auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum (www.ungmennabudir.is).



DALAPÓSTURINN

11. tölublað, 10. árgangur

23. október 2017

Alþingiskosningar 2017

Kjörfundur

Kjörfundur í Dalabyggð vegna Alþingiskosninga laugardaginn 28. október 2017 fer fram á Héraðsbókasafni Dalasýslu, Miðbraut 11 í Búðardal. Kjörfundur hefst klukkan 10:00 og verður slitið kl. 20:00.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar innanlands fer fram hjá sýslumönnum um allt land, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Upplýsingar um kjörstaði og afgreiðslutíma vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er hægt að nálgast á vefsíðu sýslumanna, www.syslumenn.is.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar erlendis fer fram á skrifstofu sendiráðs, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

Kjörskrá

Kjörskrá Dalabyggðar vegna Alþingiskosninga laugardaginn 28. október 2017 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins alla virka daga kl. 10-14. Einnig geta kjósendur séð hvar þeir eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is.

Kjósendur eru á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu skráð lögheimili fimm vikum fyrir kjördag. Flutningur lögheimilis eftir þann tíma breytir ekki skráningu á kjörskrá.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur